

ORKUSTOFNUN
JARDKÖNNUNARDEILD

ÚTLÁN

Bókasafn Orkustofn

NEYSLUVATNSRANNSÓKN
FYRIR DALVÍK

ÞÓRODDUR F. ÞÓRODDSSON
ÞÓROLFUR H. HAFSTAD

OSJKD 7507

NOV. 75

NEYSLUVATNSRANNSÓKN FYRIR DALVÍK

eftir

Pórodd F. Póroddsson

og

Pórólf H. Hafstað

EFNI:

	bls
1.0	
1.1 Inngangur.....	1
1.2 Helstu niðurstöður.....	1
, 2.0	
2.1 Vatnsþörf.....	1
2.2 Núverandi vatnsból.....	3
3.0	
Möguleikar á frekari vatnsöflun.....	4
3.1 Jarðfræði.....	4
3.2 Jarðborun í nágrenni Dalvíkur.....	5
3.3 Virkjun linda.....	5

1.0

1.1 Inngangur.

Að beiðni Dalvíkurbæjar var gerð athugun á möguleikum á öflun neysluvatns fyrir kaupstaðinn í september 1975.

Megináhersla var lögð á að finna lindir, þar sem fá mætti sjálfrennandi vatn. Einnig voru athugaðir möguleikar á vatnsöflun með frekari jarðborunum eða brunngerð í nágrenni bæjarins.

1.2 Helstu niðurstöður.

- i. Álitlegt er, að virkja lindir á Karlsárdal í um 5 km fjarlægð frá miðlunartanki bæjarins. Rennslismælingar í veturnu gefa nokkuð góða mynd af stöðugleika þeirra.
Lindir á Upsadal eru bæði minni, og að öllum líkindum óstöðugri. Að svo stöddu virðist virkjun lindanna á Karlsárdal vænleg lausn, og yrði þá núverandi vatnshól til vara.
- ii. Allmiklir möguleikar eru á að afla meira vatns með borun á sömu slóðum og núverandi vatnshól. Hins vegar er líklegt, að hætta á mengun vaxi eftir því sem meira er dælt úr holunum, svo og með vaxandi byggð í nánd.
- iii. Jarðboranir í fast berg eru ekki vænlegar til árangurs. Einnig er ósennilegt, að boranir eða brunngerð í jökulruðningskápu, sem hylur berg viða í nágrenni bæjarins, gefi verulegt vatn.

2.0

2.1 Vatnspörf.

Erfitt er að gera sér að fullu grein fyrir raunverulegri vatnspörf Dalvíkur.

Hér er gert ráð fyrir, að hver íbúi þurfi 500 l á sólarhring. Íbúar 1.des. 1974 voru 1159, og þurfa því samtals 579.500 l/sólarhring, eða 6,7 l/sek. Er þá reiknað með, að notkuninni sé jafnað yfir allan sólarhringinn.

Samkvæmt upplýsingum bæjarstjóra, greiða níu framleiðslu-fyrirtæki fyrir vatn samkvæmt vatnsmæli. Nota þau samtals rúmlega 45.000 tonn á ári. Vatnsnotkunin dreifist hins vegar misjafnlega yfir árið. Sé hins vegar reiknað með jafnri notkun og 5 daga vinnuviku, er neyslan 187,5 tn/dag að jafnaði. Búast má við, að notkunin verði helmingi meiri þegar alls staðar er unnið á fullum afköstum, og vatnsnotkun er í hámarki, eða 375 tn/dag. Reiknað er með, að slik notkun sé í 10 klst, en næturnotkun sé 15% af dagsnotkun. Þá er neyslan 31 tn/klst, eða 8,6 l/sek.

Þessu til viðbótar má bæta 5 l/sek sem rækjuverksmiðja þarf. Verksmiðjan á Dalvík er ekki tengd bæjarkerfinu, en búast má við, að svo verði.

Að framansögðu ætti vatnsþörf Dalvíkurkaupstaðar að vera nálægt 20 l/sek, þá er reiknað með, að kælivatn fyrir frystihúsið verði tekið úr Brimnesá, svo sem nú er.

TAFLA I.

Vatnsþörf Dalvíkurbæjar.

	tonn/ári	meðalnotk.		álagstoppur	
		l/sek	1)	l/sek	2)
Íbúar (1159)		6,7			
Frystiðús	18329	1,75		3,5	
Slátturhús 3)	11462	1,1		2,2	
Saltfiskverkun	9375	0,9		1,8	
Ýmis fiskvinnsla ca.	6000	0,6		1,2	
Rækjuvinnsla			5		

- 1) Gert er ráð fyrir 500 l/sólarhring fyrir hvern íbúa. Þar sem vatnsmælar eru, er reiknað með, að næturnotkun (14 klst) sé 15% af dagsnotkun, og að unnið sé 5 daga vikunnar.
- 2) Álagstoppur er áætlaður helmingi meiri en meðaltalsnotkun. Vatnsþörf rækjuverksmiðju er áætluð með hliðsjón af þörf sambærilegri verksmiðju á Grenivík.

- 3) Tölur um vatnspörf sláтурhúss ber að taka með varúð, þar sem sauðfjárlátrun stendur varla lengur en two mánuði á ári. Stórgripaslátrun er hins vegar á öllum tímum árs, og einnig eru verkuð grásleppuhrogn í þessum húsakynnum.

2.2 Núverandi vatnsból.

Neysluvatni Dalvíkur er nú dælt úr borholu, sem er skammt norðan bæjarins, í miðlunargeymi í um 50 m hæð. Þrjár holur hafa verið boraðar meðfram Brimnesá, og er ein þeirra virkjuð. Vatninu er dælt upp úr framburði árinnar, sem er möl og sandur, og um 20 m þykkur á þessu svæði.

Mannvirkni eldri vatnsveitu eru nærrí miðlunargeyminum. Hefur þar verið tekið vatn úr læk, sem kemur innan af Upsadal. Lækurinn hefur um langan veg runnið um myrar og á yfirborði, og er því ekki forsvaranlegt, að vatn úr honum sé notað til neyslu.

Hraðfrystihúsið tekur kælivatn úr Brimnesá. Rækjuverksmiðjan nýtir vatn, sem dælt er upp úr kambinum, sem bærinn stendur á. Er hér um tölувert rennsli að ræða, a.m.k. að sumri til. Vatnsmagn tók hins vegar mjög að þverra eftir að athuganir fóru fram í september 1975. Til skamms tíma rann þetta vatn fram úr malarlögum ofan við fjöruna, en rennur nú í lokuðu ræsi til sjávar. Vatnið hefur runnið undir þéttbýli, og verður að teljast neyðarárræði að það sé notað, vegna mjög mikillar mengunarhættu.

Ekki er aðalvatnsbólið, borholan við Brimnesá, heldur alveg laust við að vera úr hættu af völdum mengunar. Vatnið þar er vísast ættað úr Brimnesánni, og flæðir það út í mölina eftir að áin kemur fram úr Upsadal. Vegna niðurdráttar í holunni við sífellda dælingu, verður rennsli að henni hraðara. Vatnið nær því ekki að siast eins vel í malarlögunum. Auk þess er hætta á mengun af völdum þéttbýlis ofar við ána alltaf fyrir hendi, og líklegt, að hún fari vaxandi með aukinni útbenslu bæjarins.

3.0 MÖGULEIKAR Á FREKARI VATNSÖFLIJN.

3.1 Jarðfraði.

Berggrunnur í nágrenni Dalvíkur er basalt frá tertiertíma-bilinu. Slik jarðlög eru yfirleitt lítt vatnsgeng, og rennur úrkoma, sem á svæðið fellur, að mestu burt á yfirborði. Hefur yfirleitt litla þýðingu að bora eftir köldu vatni í fast berg þegar svo er.

Jarðvatns er helst að vænta í lausum jayðlögum, svo sem jökulruðningi, skriðum, árkeilum og framhlaupum. Allmikið er um jarðmyndanir sem þessar í nágrenni bæjarins, og eru flestar frá lokum ísaldar. Svo sem sést á mynd 1, kemur jökulruðningstunga fram úr mynni Karlsárdals, og hylur urðin allstórt svæði utan dalkjafta-ins. Að sunnan afmarkast þessi urðartunga af fallegum jökulgarði, Hólsripli. Bærinn að Hóli stendur einnig á jökulgarði, sem jökull, er legið hefur út Svarfaðardal, hefur ýtt upp. Jökulurð, sem tengd er þessum jökli, hylur neðanverða fjallshlíðina ofan við Dalvík.

Tekið var sýni á rúmlega þriggja metra dýpi í urðinni nokkrum sunnan Stórhóls, vestan bæjarins. Kemur fram á meðfylgjandi línumriti, að sortering efnisins er lítil. Búast má við að ruðningurinn haldi í sér allmiklu vatni, en vatnsgæfni hans er ekki að sama skapi.

Hins vegar virðist jökulurð innarlega á Karlsárdal vera nokkuð vatnsgæf. Koma margar lindir undan henni, og verður nánar vikið að þeim síðar.

Framhlaup og skriður eru víða í fjallshlíðum, en vegna smæðar þeirra er hvergi um verulegt vatnsmagn að ræða við rætur beirra.

Árkeilur er að finna framan gilkjafta, en flestar eru þær litlar. Mest er keila Brimnesár. Vatnsstraumurinn í ánni hefur losað sig við mikið af möl og sandi eftir að áin kemur fram úr þrengslunum í dalkjaftinum. Keilan rennur mikið til saman við jökulurðina, sem er þar fyrir framan. Vatn flæðir út í malarlög, og leiðist með þeim til sjávar. Í þessa árkeilu eru borholunar.

3.2 Borun í nágrenni Dalvíkur.

Full ástæða virðist til að ætla, að fá megi meira vatn með jarðborun í mölina við Brimnesá, en æskilegt væri að gera rafleiðni-mælingar á þessu svæði til að reyna að tryggja öruggari árangur af slikri borun.

Yrði farið út í borun eða úthreinsun á þeim holum, sem hafa þegar verið boraðar, en ekki nýttar, yrði hins vegar ekki losnað við kostnað vegna dælingar, né heldur þá mengunarhættu, sem minnst er á hér að framan.

Einnig er ástæða til að gefa nokkurn gaum að vatninu, sem virkjað er fyrir rækjuverksmiðjuna. Þetta vatn er að líkum fallið sem úrkoma í hlíðina sunnan og ofan við bæinn. Þar sigur það ofan í jökulurðarkápuna, sem fyrr er minnst á, sem síðan leiðir það í átt til sjávar. Vegna lélegrar vatnsleiðni urðarinnar má búast við, að rennslið sé óstöðugt.

Ákjósanlegra virðist því að leita annarra leiða til öflunar neysluyatns, sé þess nokkur kostur.

3.3 Virkjun linda.

Leitað var að uppsprettum í nágrenni Dalvíkur. Er þær helst að finna á Upsadal og Karlsárdal. Í báðum er norðurhlíðin mun vatnsgæfari, enda er meira af lausum jarðlöögum þeim megin. Stafar það af jarðlagahallanum, sem á þessum slóðum er suðvestlægur.

3.3.1 Lindir á Upsadal.

Staðsetning er sýnd á mynd 1, og visar númer til hennar.

1. Óverulegar lindir koma fram undan Upsanum, sem er framhlaup úti fyrir mynni Upsadals. Syðsta lindin er vatnsmest, og mælist u.p.b. 2 l/sek, en heildarrennslið er um 5 l/sek.
2. Niður með framhlaupinu að sunnan rennur lækur, og er rennsli í honum 20-30 l/sek. Til skamms tíma var hann virkjaður fyrir Vatnsveitu Dalvíkur. Lækurinn kemur að miklu leyti úr lindum í fremsta þvergili Upsadals í um 270 m hæð, en einnig úr skóflum efst í gilinu.

3. í Seljahlíð, ofan mýrarinnar í dalbotninum, koma fram lindir í um 300 m hæð. Vatni þessu, svo og vatni, sem upp kemur í mýrinni sjálfri, er veitt í skurði í lækinn, sem kemur úr fremsta þverglinu. Rennsli í skurðinum var áætlað u.b.b. 15 l/sek.
4. Ofar og innar í hlíðinni í um 440 m hæð, kemur lind undan þunnu ruðningslagi og mældist 12 l/sek. Á þessum slóðum var skafla enn að leysa, og gætir leysingavatns því efalaust mikið í lindum.
5. Þnnur lind í sömu hæð mældist 2 l/sek.
6. Inn undir öðru þvergili Upsadals í um 320 m hæð, mældust 5 l/sek í lind, sem sprettur þar fram úr jökulruðningskápunni.
7. Handan gilsins í um 275 m hæð voru mældir 2-3 l/sek í tveim uppsprettum.
8. U.b.b. 100 m ofar í hlíðinni kemur fram vatn á nokkrum kafla, að því er virðist á hraunlagamótum, efst í þunnri jökulruðningskápu, sem hylur hlíðina neðanverða. Mældust þar samtals 16-18 l/sek.
9. Efst í Grímubrekkum í um 460 m hæð, mældist lind u.b.b. 10 l/sek. Tvær aðrar, nokkru innar, gáfu 1-2 l/sek.

3.3.2. Lindir á Karlsárdal.

Framundan þriðja þverglinu á Karlsárdal koma fram allmargar lindir á tveim afmörkuðum svæðum. Gil þetta, sem reyndar er margskipt, er fyllt jökulurð í botninn allt upp að vatnaskilum.

Vatn rennur að miklu leyti af svæðinu í tveim lækjum, sem falla í Karlsá. Nokkur hluti vatnsins sigur hins vegar niður í urðina, og kemur síðan fram í lindunum fram undan gilkjaftinum. Búast má við, að rennsli í þeim sé nokkuð stöðugt vegna urðarinnar, sem heldur í sér miklu vatnsmagni, sem síðan miðlast til lindanna.

Staðsetning er sýnd á mynd 2, og visar bókstafur til hennar.

10. (A-F) Alls voru mældar tólf lindir á ytra lindasvæðinu. Þær eru í um 300 m hæð, og er hitastig vatnsins nálægt 2°C. Af svæðinu renna um 40 l/sek í tveim lækjum, sem síðan sam einast rétt áður en þeir falla í Karlsá. Í annan þessara lækja hefur verið sett stifla með v-laga yfirfalli. Mældist rennsli þar um vera um 15 l/sek.

11. (GHI) Stuttu innar á dalnum eru lindir í og ofan við myrar-
drag milli lækjanna, sem koma fram úr gilinu, sinn
hvoru megin botnurðarinnar. Afrennsli myrarinnar mældist
vera u.p.b. 20 l/sek.
12. (J) Í 350-400 m hæð í hlið Hrafnabjargarhnjóts kemur fram lind
á hraunlagamótum. Rennur vatn frá henni í þreim lækjum, og
var rennslið samtals um 25 l/sek.
13. (KLM) Niður undan síðast nefndu lindinni koma þrjár lindir úr
skriðufætinum. Rennsli þeirra var samanlagt um 5-6 l/sek.
14. (NO) Steinsnar innar eru tvær lindir, sem saman gefa 7-9 l/sek.

TAFILA 2.


Sundurliðun á rennslismælingum úr lindum
á Karlsárdal 15, september 1975.

Staðsetning lindanna er sýnd á mynd 2.

Lind A	:	4 1/sek	
Lind B	:	2 1/sek	
Lind C	:	6 1/sek	
Lind D	:	4-5 1/sek	Nr 10 á mynd 1
Lind E	:	6 1/sek	
Lind F	:	3-4 1/sek	
Lind G	:	10 1/sek	
Lind H	:	8 1/sek	Nr 11 á mynd 1
Lind I	:	3-4 1/sek	
Lind J	:	28 1/sek	Nr 12 á mynd 1
Lind K	:	2.5 1/sek	
Lind L	:	1 1/sek	Nr 13 á mynd 1
Lind M	:	2 1/sek	
Lind N	:	1.5 1/sek	Nr 14 á mynd 1
Lind O	:	<u>6-7 1/sek</u>	
Samtals	:	87-91 1/sek	


4.0 NESTU AÐGERÐIR.

- I. Komið hefur verið fyrir stíflu með v-laga yfirfalli í öðrum lækjanna, sem rennur frá lindasvæði 10. Ekki tókst að ganga forsvaranlega frá þessu mannvirki, og er líklegt, að eitthvað þurfi að dytta að stíflunni áður en mælt er.
- II. Mælt skal einu sinni til tvisvar í mánuði, og skal farið eftir leiðbeiningum Sigurjóns Rists: Leiðbeiningar um mælingar á rennsli í smá ám og lækjum. Sérstaklega er mikilsvert að mæla eftir langvarandi frost og þurrka.
- III. Jafnframt því, sem mælingar eru gerðar, er rétt að líta eftir rennsli í innstu lindum (nr 12, 13, og 14). Sett hefur verið upp stíka nærri þeim stað, þar sem lækir frá lind nr 12 (J) koma í ána.
- IV. Komi í ljós, að rennsli úr lindunum sé stöðugt, er æskilegt, að gerð verði hið fyrsta verkfræðileg úttekt og kostnaðaráætlun fyrir virkjun lindanna. Jarðkönnunardeild hefur ekki verkfræðingi á að skipa, en viðræður við okkur varðandi úttektina, gætu verið gagnlegar fyrir báða aðila.



ORKUSTOFNUN						K-1320	Sýni
Jarðkörnnunardeild						tekið á briggja	
Neysluvatnsrannsókn fyrir Dalvík						metra dýpi	
Kornastærðar						sunnan Störhús	
LEIR	Fin	Milli	Grót	Finn	Milli	Grótur	STEINAR
MÉLA				SANDUR			
1	—	—	—	—	—	—	—
2	—	—	—	—	—	—	—
3	—	—	—	—	—	—	—
4	—	—	—	—	—	—	—
5	—	—	—	—	—	—	—
6	—	—	—	—	—	—	—
7	—	—	—	—	—	—	—
8	—	—	—	—	—	—	—
9	—	—	—	—	—	—	—
10	—	—	—	—	—	—	—
11	—	—	—	—	—	—	—
12	—	—	—	—	—	—	—
13	—	—	—	—	—	—	—
14	—	—	—	—	—	—	—
15	—	—	—	—	—	—	—
16	—	—	—	—	—	—	—
17	—	—	—	—	—	—	—
18	—	—	—	—	—	—	—
19	—	—	—	—	—	—	—
20	—	—	—	—	—	—	—
21	—	—	—	—	—	—	—
22	—	—	—	—	—	—	—
23	—	—	—	—	—	—	—
24	—	—	—	—	—	—	—
25	—	—	—	—	—	—	—
26	—	—	—	—	—	—	—
27	—	—	—	—	—	—	—
28	—	—	—	—	—	—	—
29	—	—	—	—	—	—	—
30	—	—	—	—	—	—	—
31	—	—	—	—	—	—	—
32	—	—	—	—	—	—	—
33	—	—	—	—	—	—	—
34	—	—	—	—	—	—	—
35	—	—	—	—	—	—	—
36	—	—	—	—	—	—	—
37	—	—	—	—	—	—	—
38	—	—	—	—	—	—	—
39	—	—	—	—	—	—	—
40	—	—	—	—	—	—	—
41	—	—	—	—	—	—	—
42	—	—	—	—	—	—	—
43	—	—	—	—	—	—	—
44	—	—	—	—	—	—	—
45	—	—	—	—	—	—	—
46	—	—	—	—	—	—	—
47	—	—	—	—	—	—	—
48	—	—	—	—	—	—	—
49	—	—	—	—	—	—	—
50	—	—	—	—	—	—	—
51	—	—	—	—	—	—	—
52	—	—	—	—	—	—	—
53	—	—	—	—	—	—	—
54	—	—	—	—	—	—	—
55	—	—	—	—	—	—	—
56	—	—	—	—	—	—	—
57	—	—	—	—	—	—	—
58	—	—	—	—	—	—	—
59	—	—	—	—	—	—	—
60	—	—	—	—	—	—	—
61	—	—	—	—	—	—	—
62	—	—	—	—	—	—	—
63	—	—	—	—	—	—	—
64	—	—	—	—	—	—	—
65	—	—	—	—	—	—	—
66	—	—	—	—	—	—	—
67	—	—	—	—	—	—	—
68	—	—	—	—	—	—	—
69	—	—	—	—	—	—	—
70	—	—	—	—	—	—	—
71	—	—	—	—	—	—	—
72	—	—	—	—	—	—	—
73	—	—	—	—	—	—	—
74	—	—	—	—	—	—	—
75	—	—	—	—	—	—	—
76	—	—	—	—	—	—	—
77	—	—	—	—	—	—	—
78	—	—	—	—	—	—	—
79	—	—	—	—	—	—	—
80	—	—	—	—	—	—	—
81	—	—	—	—	—	—	—
82	—	—	—	—	—	—	—
83	—	—	—	—	—	—	—
84	—	—	—	—	—	—	—
85	—	—	—	—	—	—	—
86	—	—	—	—	—	—	—
87	—	—	—	—	—	—	—
88	—	—	—	—	—	—	—
89	—	—	—	—	—	—	—
90	—	—	—	—	—	—	—
91	—	—	—	—	—	—	—
92	—	—	—	—	—	—	—
93	—	—	—	—	—	—	—
94	—	—	—	—	—	—	—
95	—	—	—	—	—	—	—
96	—	—	—	—	—	—	—
97	—	—	—	—	—	—	—
98	—	—	—	—	—	—	—
99	—	—	—	—	—	—	—
100	—	—	—	—	—	—	—

Mynd 1



SKÝRINGAR:

- Jökulruðningur
- Framhlaup
- Árkeilur Árframburður
- Jökulgardur
- Ár, lækir
- Lindir
- Kornastærðardreifingarsýni

1 km



ORKUSTOFNUN
Jarðkönnunardeild

Neysluvatnsrannsókn fyrir Dalvík
Lindasvæði á Karlsárdal

12.II.'75 ÞH/IS
Tnr. 29 Tnr. 35
J-Dalvík J-Neys.
Fnr. 13562

